



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Kristjáns Eldjárns  
1. janúar 1974

Góðir landsmenn.

Ég óska yður öllum árs og friðar og sendi yður kveðju, hvar sem þér eruð staddir, á heimilum yðar, eða á hafi úti, eða hvar annars staðar þar sem skylda eða nauðsyn býður mönnum að vera. Ég hugsa til þeirra mörgu, sem á verði hljóta að standa við margvísleg skyldustörf, sem vinna þarf hvað sem almanaksdögum líður. Vér sem næðisins njótum ættum síst að gleyma þeim. Ég hugsa einnig til hlutskiptis þeirra, sem sjúkdómar eða önnur bágindi knýja til að dveljast á sjúkrahúsum og dvalarheimilum jafnt helga sem rúmhelga daga. Ég óska yður öllum gleðilegs nýárs og þakka samfylgdina á því ári, sem er að baki. Persónulega á ég mörgum þakkir að gjalda, eins og reyndar flestir menn. En á stundu eins og þessari er mér ofar í huga stuðningur manna og hollusta við þá stofnun, sem kalla má að embætti forseta Íslands sé. Að þessu sinni leyfi ég mér sérstaklega að nefna fólk á Vestfjörðum, sem á allan hátt gerði góða kynnisför þá sem kona mín og ég fórum um þær sýslur á síðastliðnu sumri. Ég skil það svo að með slíkum viðtökum vilji landsmenn láta í ljós hollustu sína við þjóðlega samheldni, sem forsetaembættið má að sumu leyti teljast tákn fyrir. Ég skil það sem merki um þann samhug sem í raun og veru ríkir milli manna í landinu, þótt stundum mætti annað ætla í amstri daganna.

Um leið og ég sendi þessar nýjárskveðjur til þeirra sem mál mitt heyra, vil ég minnst þeirra landa vorra, sem horfið hafa úr hópi vorum á liðnu ári og nú geymast í góðri minningu þeirra sem með þeim áttu samleið.

Á nýársdag er stundum rifjuð upp gömul táknmynd áramótanna, sem mörgum mun vera í barnsminni. Persónugervingur gamla ársins, lotinn og hæruskotinn öldungur, vikur af sviðinu, en í stað hans kemur ungur og glæstur maður, með morgunljóma í svipnum, nýja árið. Þetta er einföld og auðskilin mynd á hverri tíð. Líkast til á hún fornar menningarsögulegar rætur. Miðsvetrarhátíðin er hátíð ljóssins, og hinn ungi og bjarti maður táknar það, að sól fari að hækka göngu sína, guð ljóss og lífs og endurnýjunar kemur enn einu sinni, ungur og nýr.

Það gamla ár, sem vék af sviðinu að þessu sinni, er að vísu horfið, en minning þess mun lengi vaka. Íslenska þjóðin hefur lifað í meira lagi minnisverð tíðindi á því ári. Það hófst með rauðum logunum í Vestmannaeyjum, og kalla má að því lyki með annars konar stórtíðindum, áfangasigri í hörðum átökum um fiskimið landsmanna. Fyrir þessi stórmerki verður ársins, sem nú er liðið, lengi minnst í þjóðarsögunni, og af hvoru tveggju verða miklir lærdómar dregnir á komandi tíð. Það var engu líkara en að eldurinn í Eyjum væri settur á svið til að sýna þann háska, sem býr í edli þessa lands, og þá um leið til að kenna landsmönnum hvernig hægt er með ýmsu móti að vera undir hann búinn og snúast við honum, ef hann skyldi aftur

birtast í svipaðri mynd, einhvers staðar. Þessi atburður færði oss einnig heim sanninn um það, að Íslendingar eiga marga vini í raun, fyrst og fremst meðal nágranna vorra á Norðurlöndum, en einnig víða meðal fjarlæggra þjóða, sem oss eru minni vanda bundnar. Þakkir færum vér nú öllum þeim, bæði innlendum og erlendum mönnum, sem hafa stuðlað að því með ráðum og dáð að græða sárin, og það er fagnaðarefni að nú hafa jólaljós logað þar sem jörð brann fyrir skemmstu. Áreiðanlega munu allir landsmenn samgleðjast þeim, sem aftur hafa getað vitjað heimkynna sinna, og óska þess að það endurreisnarstarf, sem vel hefur byrjað megi einnig giftusamlega fram halda.

Átökin um fiskimiðin hafa einnig reynt á þolþrifin og verið harður skóli. Þau eru í eðli sínu þáttur í samkeppninni um þverrandi náttúrugæði í heimi nútímans, eitt dæmi af mörgum um að það harðnar á dalnum. Í gamalli sjóferðabæn segir svo: Bjóð sjávarins afgrunni að opna sitt ríka skaut til að uppfylla vorar nauðpurftir. Vér megum vera minnug þessara gömlu orða. Fiskimiðin eru forðabúrið, sem ekki má tæmast. Eftir allt sem gerst hefur og talað hefur verið síðan 1. september 1972, er oss nú ljósara en nokkru sinni fyrr, að lífinu í afgrunni sjávarins sem uppfyllir vorar nauðpurftir í þessu landi, er mikil hætta búin, og að við þeirri hættu verður að sporna með öllum skynsamlegum ráðum. Ef nokkuð er, hefur sá ásetningur styrkst að vér verðum að fá full og viðurkennd yfirráð yfir hafsvæðunum kringum landið, og allt annað er óhugsandi en að fylgja því merki fram til sigurs. Vér eigum keppinauta, en að óvini eigum vér enga, heldur þvert á móti marga vini og samherja, sem styðja viðleitni vora. Það skyldum vér meta og leggja rækt við. Vér erum ekki einir í heiminum, á einn eða neinn veg, það er skynsamlegt og reyndar óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því.

Þegar síðastliðið ár gekk í garð þótti mörgum sem bjartara væri yfir í samskiptum þjóða en oft áður, þíða í lofti eftir langvarandi hörkur, sem kallaðar voru kalt stríð. Menn leyfðu sér að vona að batinn héldist. Þó átti svo að fara að nú í árslok er víða heldur ófagurt og dapurlegt um að litast. Vér Íslendingar þurfum ekki að kvarta, vér búum við allsnægtir, en þó er nærri oss höggvið, því að nú næðir kalt um hagsældarþjóðirnar nágranna vora, eftirlætisbörnin í fjölskyldu þjóðanna. Þar kom að því að sá knúði dyra, sem marga hafði grunað að einhvern tíma bæri að garði, olíuskortur, orkuskortur. Þetta er áminning til vor. Á örbirgðaröldum Íslands var slíkt kallað eldiviðarleysi og var eitt af því sem snauðir kotbændur óttuðust mest, næst matarleysi. Þó að úr rætist betur en á horfist nú, munu þó þessi tíðindi draga langan slóða, og fávíslegt væri að loka augunum fyrir því, að þessi lota getur verið forsmekkur langra vandræða, því að allt eyðist sem af er tekið nema það sem náttúran sjálf endurnýjar jafnharðan. Tæknivædd og háþróuð iðnaðarríki heims hafa reist mikla byggingu, sem á stöðugleika sinn undir aðflutningi hráefna og orkugjafa úr fjarlægum heimshlutum. Nú er eins og jarðskjálftakippur fari um þessa byggingu, og menn vita ekki þegar í stað hve miklum skaða hann veldur né hvort annar verri muni eftir fara. Þess er þá ekki heldur að dyljast, að morgunljóminn á ásjónu unga mannsins, nýja ársins, er nokkuð svo blandinn kvíða að þessu sinni.

Náttúrufar allra landa setur mark sitt á þjóðirnar sem þau byggja. Baráttan við kuldann er eitt af því sem sett hefur mót sitt á menningu vor Íslendinga. Oft hefur verið sagt og það með nokkrum rétti, að forfeður vorir hafi ekki verið neindir sérstakir snillingar í því stríði. Þeir stóðu af sér veðrin fremur en að þeir sæktu á. En þeir eiga það hrós að lífsneistinn kulnaði ekki í höndum þeirra, þótt kaldar væru. Þeir náðu varnarsigri, og á vorum dögum eru mikil umskipti orðin. Nágrannar vorir sumir halda vart á sér hita í húsum sínum, en í híbýlum flestra Íslendinga er hlýtt og

bjart. Á þessum grimma frostavetri hefur mjög reynt á orkuver landsmanna og einnig þetta er sjálfsagt lærdómsríkt, en vér höfum haft þá heppni með oss, að olúskorturinn hefur um sinn sneitt hjá garði vorum, eins og svartidaudi gerði um miðja 14. öld, þegar hann lék grannlönd vor hvað harðast. Hann kom að vísu seinna, þótt ef til vill hefði einnig þá verið hægt að bægja honum frá, ef þekking og fyrirhyggja hefðu hrokkið til. Það er ekki líklegt, ef eldiviðarleysi fer að verða eins og sverð og svipa yfir höfði manna hér allt í kringum oss, að slíkt bitni ekki á oss fyrr en varir. Hitt er heldur, að það gerir það reyndar nú þegar, því að hér er ekki aðeins um að ræða ljós og hita í húsum manna, heldur allt daglegt líf, alla afkomu. Olúdraugurinn bregst í allra kvikinda líka eins og Þorgeirsboli.

Á vorum dögum eru hagsmunir þjóða fléttaðir saman á óteljandi vegu. Vér erum þar ekki í neinni sérstöðu. Eigi að síður er nú eins og til vor sé talað um að hagnýta það sem vér getum tekið hjá sjálfum oss. Orkan í hverum og fallvötnum Íslands er mikil, og hana er unnt að beisla og hana þrýtur ekki: Þetta eru bjargarlindir, sem líklega öllu öðru fremur efla bjartsýni á framtíð þjóðarinnar. Það eru að vísu litlar fréttir að segja annað eins og þetta, því að það er ágreiningslaust vilji allra landsmanna að kappsamlega skuli vinna að skynsamlegri nýtingu þessara innlendu orkugjafa. En ef til vill sjáum vér þetta í skærara ljósi nú en nokkurn tíma áður, þegar daglega berast fréttir um þau vandræði sem velmegunarþjóðirnar í kringum oss eru nú í, vegna þess að þær eiga allt undir aðra að sækja um jafnsjálfsagðan hlut og eldivið og ljósmeti. Einn af meginkostum landsins blasir við í skýrri mynd. Ísland er gott land, segja menn, sem nú koma hingað heim, um hávetur, utan úr heitari löndum, jafnvel þeir sem þurftu að fara til Spánar á miðju síðastliðnu sumri til að kaupa sólskin.

Og ekki skyldi heldur lá neinum manni þótt hann geri það eða telja það eftir. Ísland er engin sólskinsparadís, og ekki neitt gósenland heldur, sem gefur ljúfar gjafir fyrirhafnarlaust. Náttúran hér á norðurslóðum er fastheldin og lætur ekki gæði sín af hendi rakna nema fyrir harðfylgi, áræði og fyrirhyggju þeirra sem þar búa. Skáld hafa stundum kallað þetta uppeldisaðferð hinnar ströngu en góðu móður. Baráttan við harðdræga náttúru er að sumra hyggju öðru fremur það sem hefur gert manninn að manni. Hann varð fyrsti maðurinn, segir Johannes V. Jensen um unga manninn, sem einn sneri við í norður, þegar ættflokkur hans lét undan síga suður á bóginn fyrir ísaldarkuldanum. Ef til vill eru rök fyrir því, að uppeldisaðferð lands vors hafi dugað þjóðinni vel, því að Íslendingar afla mikils, bæði til sjós og lands, að öllu samanlögðu næstum ótrúlega mikils, fámenn þjóð. Þeim hefur lærst að sækja gullið í greipar náttúrunnar, og eiga þó trúlega eftir að læra þá list enn betur, þegar síðustu leifar rányrkjuhugarfars eru úr sögunni.

Nærri má geta að það er sameiginlegt áhugamál og gleðiefni allra að mikið sé dregið í búíð. En við hlutaskiptin er allajafna talsverður handagangur og háreysti, því að sitt sýnist hverjum, hvernig með skuli fara og hvernig skipta. Þetta er gömul saga, og um slíkt hafa verið stofnaðir ófáir stjórn málaflakkar í löndunum. Það er ekki heldur furða, þegar svo virðist helst stundum sem allir telji sig afskipta og órétti beitta og þá vitaskuld af því opinbera, beint eða óbeint. Danska skáldið Piet Hein, sem frægur er fyrir hnitmiðuð snjallyrði sín, hefur orðað þetta svona:

Náttúran er  
vor milda móðir,  
sem dýrar gjafir  
gaf oss,

en ríkið er  
vor eldri bróðir,  
sem tók þær allar  
af oss.

Þetta er hnyttilegt og mönnum finnst það eins og talað út úr sínu hjarta. En ljótt væri ef satt væri, ef almannasamtökin, vald þess samhjalparþjóðfélags, sem vér höfum komið upp og viljum búa við, hrifsaði til sín svo mikið af hlut hvers og eins að hans sæi varla stað. Vor á meðal er varla talað um annað meira en þetta á hverju ári sem yfir gengur, og af því vaxa úfar með mönnum og undan því grær gremja í mörgu brjósti. Og þó höfum vér af fúsum og frjálsum vilja falið almannasamtökunum svo mikil og mörg verkefni í allra vor þágu, að seint mundi enda taka, ef upp væri talið. Í stórum dráttum eru allir sammála um að þetta skuli vera svo. Það er erfitt að hugsa sér þann stjórnmalaflokk sem ekki lýsti sig meðmæltan félagslegri samhjalp í sínum mörgu myndum. Það er því augljóst mál sem enginn neitar, að skipið verður að fá sinn hlut, annars fúnar það í naustum.

En þar með er ekki sagt að vandinn sé leystur, vandi skiptivallarins. Hve stór á skipshlutarinn að vera og hve stór hásetahlutarinn? Það veltur á miklu að nærri verði komist því sem kalla má réttlæti, en þó er vandlifað, því að ekki eru allir á eitt sáttir hvað sé réttlæti, þegar skipta skal því sem til skipta er. Þó mundi margur ætla, að það leiðarljós lýsi best að tiltölulega mikill jöfnuður með mönnum sé mest réttlæti, og að ekki hæfi annar mælikvarði betur erfðum vorum og sambýlisháttum. Af mörgum ástæðum er óhjákvæmilegt að gera upp á milli manna og sjálfsagt eru þær hlutfallatölur ekki auðfundnar, sem eftir skyldi fara. En þá mætti virðast haldið í réttu horfi, ef saman drægi með mönnum heldur en hitt og sú meginregla í heiðri höfð, að hvert það verk sem vinna þarf sé svo vel metið að það skili heilum hlut þeim sem það vinnur án manngreinarálits eða gamalla hugmynda um svonefndan mannfélagsstiga.

Það er gamalt orð að guð má ráða hvar við dönsuð önnur jól. Rétt er það, framtíðin er á huldu, en ætlun vor er að þetta ár verði hátíðarár á Íslandi, eða júbílár, eins og menn sögðu fyrir einni öld, minningarár, sem verður haldið hátíðlegt um allt land í heiðurs- og minningarskyni við landnámsmenn Íslands, sem reistu hér byggð fyrir ellefu öldum, urðu forfeður þjóðarinnar og stofnuðu til þess mannlífs, sem ótal þræðir liggja frá allt til þessa dags. Margt hefur verið til nefnt, sem gera skuli til hátíðabrigða og varanlegrar minningar. Allt er það gott, sem vel verður gert og annars væri kannski ógert, en þó væri mestur fögnuður að þessu landnámsafmæli, ef það mætti orka einhverju til að efla hollustu við landið, sem hinir fornu járnaldarbændur fundu og byggðu og þá menningu, sem óx upp af tillagi þeirra og síðan lífi niðja þeirra í landinu allar þessar löngu aldir. Íslensk menning, sem vér svo köllum, að því er virðist næstum bannheilagt orð hjá sumum mönnum nú, af því að þeim þykir kenna þjóðrembingis þótt ekki sé nema það eitt að bera sér það í munn. Slíkt er þarflaus viðkvæmni, því að íslensk menning er ekki skrautfjöður í hatti, eða litfögur blómkróna efst á toppi jurtar, til þess fallin að skera hana af og nota fyrir stofustáss við hátíðleg tækifæri. Hún er ekki síður stofninn og greinarnar og blöðin og ræturnar, sem draga lífsaflið úr jörð og lofti. Þetta er íslensk menning, allt saman. Og þetta tvennt, landið og menning þjóðarinnar, er sameiginlegur arfur vor allra, sem vér erum öll jafnréttborin til og gerir oss að þjóð. Ef þjóðhátíð á að vera meira en leiksýning ein, verður þessi andi að svífa yfir vötnum hennar.

Og um leið andi gleðinnar og trúar á framtíðina. Ég á von á að svo verði vítt um byggðir landsins. Þá má svo fara að ljóma leggi af þessu ári þegar líður hin 12. öld Íslandsbyggðar. Sú er ósk og von allra, að gott ár fari í hönd. Undir það tek ég af heilum huga um leið og ég býð yður öllum gleðilegt nýjár.